


Grundvallarhugsjónir Rauða krossins



MANNÚÐ

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans stefnir að því að létta þjáningu fólks og koma í veg fyrir hana, að vernda líf og heilsu og tryggja einstaklingnum þá virðingu sem að honum ber. Rauði krossinn vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og friði meðal þjóða.




ÓHLUTDRÆGNI

Hreyfingin gerir engan mun milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir.




HLUTLEYSI

Til að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði.



SJÁLFSTÆÐI

Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar.



**SJÁLFBOÐIN
ÞJÓNUSTA**

Hreyfingin er borin uppi af sjálfböðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon.



EINING

Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt.



ALHEIMSHREYFING

Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.